




RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR**119**

um fána ríkisstjóra Íslands.

9. des.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögum ríkisstjórnar Íslands hef úrskurðað þannig:

Fáni ríkisstjóra Íslands skal vera hinn íslenzki tjúgufáni, en á hann miðjan sé markað stórt, gullið R í hvítum ferstrendum reit.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR**120**

um merki ríkisstjóra Íslands.

9. des.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögum ríkisstjórnar Íslands hef úrskurðað þannig:

Merki ríkisstjóra Íslands skal vera skjöldur, sem á hvilir stórt, gullið R, en á skjöldinn markaður fáni Íslands. Skjöldurinn hefur sama útlit og lögun og skjöldurinn í skjaldarmerki Íslands.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

BRÁÐABIRGÐALÖG**121**

um notkun vegabréfa innanlands.

9. des.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji nauðsynlegt að heimila ríkisstjórninni að fyrirskipa mönnum að bera vegabréf innanlands, til þess að hægara sé að fá fulla vissu um það hverjir menn eru, aldur þeirra o. fl.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið: